Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. apríl 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

X 2429 ehf.,
kt. 490393-2429,
Grandagarði 8, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 2.998.676

Reykjavík, 9. apríl 2025.

Anna Kristín Kristjánsdóttir lögmaður.

(2025008603

Útgáfud.: 22. apríl 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. janúar 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. apríl 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Dwarfware ehf.,
kt. 611192-400 ,

Lýstar kröfur:

kr. 3.853.382

Reykjavík, 8. apríl 2025.

F.h. Evu B. Helgadóttur lögmanns,
Gunnar Trausti Eyjólfsson lögmaður.

(2025008742

Útgáfud.: 22. apríl 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. desember 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Smörre ehf.,
kt. 650423-3050,
Laugarvegi 178, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 9.885.425

Reykjavík, 2. apríl 2025.

Ásgeir Björnsson lögmaður.

(2025008744

Útgáfud.: 22. apríl 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. janúar 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. apríl 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Mountain - Cruiser á Íslandi ehf.,
kt. 570303-2010,
Skólavörðustíg 12, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 2.782.310

Reykjavík, 14. apríl 2025.

F.h. Jörgens Mús Ágústsson lögmanns,
Anna Kristín Kristjánsdóttir lögmaður.

(2025008748

Útgáfud.: 23. apríl 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 1. desember 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 16. apríl 2025.

Áætlað var að ljúka skiptum á grundvelli 155. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, á skiptafundi hinn 28. janúar 2025, sem boðaður var með auglýsingu í Lögbirtingablaði, en vegna breyttra aðstæðna var skiptalokum frestað til 16. apríl 2025. Skiptum var lokið á skiptafundi hinn 16. apríl 2025 með úthlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerð greiddust kr. 142.098 upp í lýsta almenna kröfu.

Nafn bús:

ARP ehf.,
kt. 680711-0540,
Hrauntungu 57, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Almenn krafa að fjárhæð kr. 11.484.223.

Reykjavík, 16. apríl 2025.

F.h. Þórðar Bogasonar lögmanns,
Sandra Mjöll Markúsdóttir lögmaður.

(2025009020

Útgáfud.: 16. apríl 2025

Auglýsing um skipulag - Vestmannaeyjabær

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti þann 9. apríl 2025 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulag Hafnarsvæðis H-1 og Miðsvæðis M-1 norðan Strandvegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar við Strandveg 44. Tillaga að breyttu deiliskipulagi er auglýst skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan felur í sér að núverandi bygging verði rifin og þess í stað reist nýbygging á fjórum hæðum ásamt bílakjallara.

Hlutverk jarðhæðar mun vera þjónustutengdur atvinnurekstur en núverandi bensínstöð er víkjandi. Á annarri til fjórðu hæð verða íbúðir og mun bílakjallari þjóna íbúðum með innkeyrslu frá Skólavegi.

Áætlaður fjöldi íbúða er 10-12. Gert er ráð fyrir bílastæðum í bílakjallara og á lóð auk samnýtingu almennra bílastæða á miðsvæði. Stærð byggingarreitar eykst frá 56 m² í 450 m² og heildar byggingarmagn ofanjarðar verður 1700 m².

Breyting þessi mun hafa jákvæð áhrif á heildarásynd svæðisins þar útlit á Strandvegi 44 mun eftir breytinguna vera í betra samræmi við nálægar byggingar. Einnig mun öryggi gangandi vegfarenda aukast en gert er ráð fyrir gangstétt sunnan við húsið.

Skipulagsgögn verða til sýnis í Ráðhúsi Vestmannaeyja að Kirkjuvegi 50, á skipulagsvefsjá sveitarfélagsins og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna þarf að skila skriflega eigi síðar en 28. maí 2025 í afgreiðslu Ráðhúss eða í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Vestmannaeyjabær.

(2025008307

Útgáfud.: 16. apríl 2025

Auglýsing um skipulag - Rangárþing ytra

Samkvæmt 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar skipulagsáforma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Vaðfitjanáma. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9. apríl 2025 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 þar sem nýtt efnistökusvæði yrði skilgreint. Um er að ræða um 11 ha efnistökusvæði úr landi Landmannaafreittar, nánar tiltekið á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá og sunnan Sultartangalóns og Vaðöldu. Gert verði ráð fyrir allt að 80.000 m³ efnistöku. Aðkoma að svæðinu er frá Þjórsárdalsveg (32) sem er skilgreindur sem stofnvegur skv. vegaskrá Vegagerðarinnar.

Lýsingarnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 30. apríl nk.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum.

Hallstún L190888, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9.4.2025 að auglýsa tillögu að breytingum á deiliskipulagi fyrir Hallstún L190888. Gerð hefur verið breyting á landnotkun í aðalskipulagi til samræmis við breytinguna. Þær 7 frístundalóðir sem nú eru til staðar haldast óbreyttar. Á syðstu lóðinni (15,9ha) er gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, heild samtals um 400m² með bílskúr og að auki verði byggð landbúnaðartengd hús, svo sem skemma og útihús. Aðkoma er af Landvegi (26) um Ölversholtsveg.

Rangárflatir 4, 4b og 6, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9.4.2025 að auglýsa tillögu að breytingum á deiliskipulagi fyrir Rangárflatir 4, 4b og 6. Breytingar felast í að lóðirnar Rangárflatir 4B og Rangárflatir 4 verða sameinaðar í eina lóð, Rangárflatir 4. Lóð verður skilgreind fyrir spennistöð. Byggingarreitur fyrir rafhleðslu bifreiða verður skilgreindur. Nýir byggingarreitir fyrir útleiguhús til ferðamanna verða skilgreindir. Einnig verður skipulagssvæðið stækkað þannig að Rangárflatir 6 verða teknar inn í skipulagið. Á Rangárflötum 6 verður byggingarreitur skilgreindur á lóð og skal byggingarheimild vera innan marka gildandi aðalskipulags, að hámarki 0,4. Aðkoma er af Þjóðvegi 1 um Rangárflatir (Gaddstaðaveg).

Heiði L164645, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9.4.2025 að auglýsa tillögu að breytingum á deiliskipulagi fyrir Heiði L164645. Um er að ræða u.þ.b. 2,0 ha lóð sem skipta á niður í 5 lóðir til uppbyggingar frístundahúsa. Vegur innan svæðis verður í sameign allra. Aðkoma að frístundabyggðinni er um Suðurlandsveg. Um 1,5 km austan við Hellu, um Rangárvallaveg [264] í átt að Gunnarsholti. Áður en komið er í Gunnarsholt er beygt inn Þingskálaveg [268] í átt að Næfurholti. Keyrt er framhjá Heiði, yfir Heiðarlæk. Á vinstri hönd er afleggjari að lóðinni frá Þingskálavegi [268].

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 28. maí 2025.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is.

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

(2025008590

Útgáfud.: 22. apríl 2025

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður

Bæjarstjórn að samþykkti þann 9. apríl 2025 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Kapelluhrauns samhliða breytingu á 1. áfanga Kapelluhrauns í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst stækkun deiliskipulagssvæðis Kapelluhrauns 2. áfanga yfir svæði sem var ætlað fyrir fyrirhugaða legu Reykjanesbrautar milli áfanga 1 og 2 í Kapelluhrauni. Innan deiliskipulagssvæðisins verða nýjar iðnaðarlóðir og í suðurhluta þess verður til nýtt gatnakerfi. Breyting verður m.a. varðandi flokkun atvinnustarfsemi og á bílastæðaskilmálum. Nauðsynlegt er að breyta skipulagsafmörkun Kapelluhrauns 1. Áfanga og auglýsa breytinguna samtímis.

Kynningartíminn er frá 17. til 30. apríl 2025 og má nálgast gögn á vef skipulagsgáttar (skipulagsgatt.is). Athugasemdir eða ábendingar skulu berast með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgátt.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

(2025008752

Útgáfud.: 23. apríl 2025

Auglýsing um skipulag - Rangárþing ytra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum.

Efri-Rauðalækur land L205549, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Byggðaráð í umboði Sveitarstjórnar Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 22. apríl 2025 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir spildu úr Efri-Rauðalæk L205549. Áform eru um byggingu íbúðarhúss, og vélaskemmu ásamt tilheyrandi byggingum á landbúnaðarsvæði. Aðkoma er af Bugavegi (273).

Skammbeinsstaðir 1D, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi.

Byggðaráð í umboði Sveitarstjórnar Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 22. apríl 2025 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi dags. 28.1.2021 fyrir Skammbeinsstaði 1D. Á uppdrætti bætist við ný 12.601 m² lóð ásamt byggingarreit B4. Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 138 m² íbúðarhús með sambyggðum eða stakstæðum bílskúr, ásamt 60 m² gestahúsi og allt að 180 m² skemmu/geymslu. Aðkoma verður óbreytt.

Sorpstöðin á Strönd, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi.

Byggðaráð í umboði Sveitarstjórnar Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 22. apríl 2025 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi dags. 2.10.2013 fyrir Sorpstöðina á Strönd. Markmið breytingarinnar er að rýmka fyrir núverandi starfsemi og þjónustu sem fer fram á sorpstöðinni að Strönd á Rangárvöllum, ásamt viðbótum vegna móttöku á mengandi úrgangi. Breyting er gerð á byggingarreitum og plönunum undir starfsemi sorpstöðvarinnar, plön eru stækkuð og byggingarmagn aukið. Bætt er við byggingarreitum fyrir skemmur, starfsmannahús, eyðingastöðvar í formi brennslu og plönunum fyrir meðhöndlun mengandi úrgangs auk lekavarna á urðunarreinum og plönunum. Þá verður skoðað með endurnýtingu á eldri urðunarsvæðum, með það að markmiði að bæta landnýtingu svæðisins. Með breytingunni er einnig verið að stuðla að betri mengunarvörnum með auknu eftirliti og vöktun. Áætlað er að nýta hita úr brennslu til upphitunar vatns sem m.a. nýtist til húshitunnar.

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 11. júní 2025.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is.

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

(2025009016

Útgáfud.: 16. apríl 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Dea Maris ehf.**

Kt.: 410425-2620.

Heimili og varnarþing: **Löngulínu 2, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 30. mars 2025.

Stofnendur: Hafdís Ingimundardóttir, kt. 200356-7569, Löngulínu 2, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. mars 2025.

Stjórnarmaður: Hafdís Ingimundardóttir. Varastjórn: Þórir Baldur Guðmundsson, kt. 260555-4569, Löngulínu 2, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hafdís Ingimundardóttir.

Prókúruumboð: Hafdís Ingimundardóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Stefán Ingi Þórisson, kt. 110189-2579, Fjölnisvegi 1, 101 Reykjavík.

Hlutaðé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er utanumhald um fjárfestingar.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.
(2025008602

Útgáfud.: 22. apríl 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:
Stefnandi: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík.
Stefnda: Kolbrún Bergmann Franzdóttir, kt. 160777-3469, Ótilgreint, 101 Reykjavík

Málflutningsumboð:Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 338.763, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 8.053 frá 6.4.2021 til 3.5.2021, af kr. 18.343 frá 3.5.2021 til 1.6.2021, af kr. 28.633 frá 1.6.2021 til 4.10.2021, af kr. 38.923 frá 4.10.2021 til 1.11.2021, af kr. 49.213 frá 1.11.2021 til 6.12.2021, af kr. 59.503 frá 6.12.2021 til 3.1.2022, af kr. 69.793 frá 3.1.2022 til 1.2.2022, af kr. 79.994 frá 1.2.2022 til 1.3.2022, af kr. 90.705 frá 1.3.2022 til 4.4.2022, af kr. 101.416 frá 4.4.2022 til 2.5.2022, af kr. 112.127 frá 2.5.2022 til 1.6.2022, af kr. 122.838 frá 1.6.2022 til 3.10.2022, af kr. 134.033 frá 3.10.2022 til 1.11.2022, af kr. 145.228 frá 1.11.2022 til 2.12.2022, af kr. 156.423 frá 2.12.2022 til 2.1.2023, af kr. 167.618 frá 2.1.2023 til 1.2.2023, af kr. 179.362 frá 1.2.2023 til 3.3.2023, af kr. 191.106 frá 3.3.2023 til 3.4.2023, af kr. 202.850 frá 3.4.2023 til 2.5.2023, af kr. 214.594 frá 2.5.2023 til 1.6.2023, af kr. 226.338 frá 1.6.2023 til 3.10.2023, af kr. 238.082 frá 3.10.2023 til 1.11.2023, af kr. 250.249 frá 1.11.2023 til 4.12.2023, af kr. 262.416 frá 4.12.2023 til 3.1.2024, af kr. 274.583 frá 3.1.2024 til 1.2.2024, af kr. 287.419 frá 1.2.2024 til 4.3.2024, af kr. 300.255 frá 4.3.2024 til 2.4.2024, af kr. 313.091 frá 2.4.2024 til 3.5.2024, af kr. 325.927 frá 3.5.2024 til 3.6.2024, af kr. 338.763 frá 3.6.2024 til greiðsludags. Kröfunúmer 18923-240005.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er sveitarfélagið Reykjavíkurborg, sem veitir ýmis konar þjónustu í tengslum við starfsemi sína. Á vegum sveitarfélagsins starfa margvísleg fyrirtæki, svið og stofnanir. Stefnandi rekur meðal annars mötuneyti í grunnskólum, en forráðamenn skrá börnin í mataráskrift og gildir sú skráning þar til henni er annað hvort sagt upp eða barnið lýkur skólagöngu. Ofangreind dómkrafa stefnanda byggir á kaupum stefndu á skólamáltíðum yfir tímabilið apríl 2021 til og með júní 2024, samkvæmt framlögðu yfirliti. Stefnandi er Reykjavíkurborg en ofangreind þjónusta er rekin af og á ábyrgð stefnanda.

Krafa stefnanda er byggð á:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	6.4.2021	6.4.2021	8.053
2	3.5.2021	3.5.2021	10.290
3	1.6.2021	1.6.2021	10.290
4	4.10.2021	4.10.2021	10.290
5	1.11.2021	1.11.2021	10.290
6	6.12.2021	6.12.2021	10.290
7	3.1.2022	3.1.2022	10.290
8	1.2.2022	1.2.2022	10.201
9	1.3.2022	1.3.2022	10.711
10	4.4.2022	4.4.2022	10.711
11	2.5.2022	2.5.2022	10.711
12	1.6.2022	1.6.2022	10.711
13	3.10.2022	3.10.2022	11.195
14	1.11.2022	1.11.2022	11.195

15	2.12.2022	2.12.2022	11.195
16	2.1.2023	2.1.2023	11.195
17	1.2.2023	1.2.2023	11.744
18	3.3.2023	3.3.2023	11.744
19	3.4.2023	3.4.2023	11.744
20	2.5.2023	2.5.2023	11.744
21	1.6.2023	1.6.2023	11.744
22	3.10.2023	3.10.2023	11.744
23	1.11.2023	1.11.2023	12.167
24	4.12.2023	4.12.2023	12.167
25	3.1.2024	3.1.2024	12.167
26	1.2.2024	1.2.2024	12.836
27	4.3.2024	4.3.2024	12.836
28	2.4.2024	2.4.2024	12.836
29	3.5.2024	3.5.2024	12.836
30	3.6.2024	3.6.2024	12.836

Stefnufjárhæð nemur samtölu reikningsfjárhæða, alls **kr. 338.763**. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda óstaðsett í hús í Reykjavík, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna innheimtu skuldarinnar, sem stofnaðist til áður en hún var send í löginnheimtu, í samræmi við 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar, meðal annars um skuldbindingagildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga sem fá stoð í lögum nr. 7/1936 og lögum nr. 50/2000.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og þá sérstaklega 1. mgr. 6. gr. laganna.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. gr. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 og um birtingu stefnu vísast til a. liðar 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl, auk annarra, til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.
2. Skrá.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Kolbrún Bergmann Franzdóttir, kt. 160777-3469, ótilgreint, Reykjavík að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 27. maí 2025, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefnda átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 31. mars 2025.

F. h. stefnanda,

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður.

(2025008741

Útgáfud.: 22. apríl 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.*Stefndi:* Helgi Unnar Valgeirsson, kt. 060376-3799, með óþekkt heimili í Kanada.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6.613.666 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 179.553 frá 1.3.2024 til 1.9.2024, en af kr. 776.424 frá þeim degi til 27.12.2024, en af kr. 6.613.666 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-73255.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi sem innifelur 24% vsk.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Páll Egill Winkel, kt. 100773-6199, Tjarnarbrekku 6, Garðabæ.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda sem hann tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-101651 þann 14.9.2009 upphaflega að fjárhæð kr. 3.534.214. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 374,1. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefnda þann 29.6.2011, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefnda færð á skuldabréf nr. G-101651, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 1.3.2024 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll samkvæmt skuldabréfi nr. G-101651 felld í gjalddaga þann 27.11.2024.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð kr.
1.3.2024	179.553
1.9.2024	596.871
Gjaldfelldar eftirstöðvar 27.11.2024	5.837.242

Eða alls kr. 6.613.666 sem er stefnu fjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefnda er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi er með skráð lögheimili í Kanada skv. Þjóðskrá Íslands. Ekki hefur tekist að finna heimili stefnda í Kanada. Haag-samningur um birtingar á réttarskjöllum o.fl. frá 15. nóvember 1965 gildir ekki þegar heimilisfang er óþekkt. Þegar ekki er hægt að birta stefnu eftir þjóðréttarsamningi, sbr. 90. gr. laga nr. 91/1919 hefur stefnandi leitað eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefndu eftir lögum viðkomandi ríkis. Stefndi hefur áður leitað eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnu eftir reglum í Kanada um birtingu fyrir aðila með óþekkt heimili. Í embættisbréfi Utanríkisráðuneytisins dags. 11.4.2024 kemur fram að skv. upplýsingum frá stjórnvöldum í Kanada sé ekki fyrirbyggjandi nein allsherjarskrá yfir einstaklinga sem eru búsettir í tíu fylkjum Kanada og þremur sjálfstjórnarsvæðum. Því sé ekki hægt að hlutast til um birtingu stefnu á hendur einstaklingi búsettum í Kanada, án þess að fyrir liggi upplýsingar um hvar viðkomandi er niðurkominn. Stefndi hefur ekki upplýsingar um hvar stefndi er niðurkominn í Kanada og hefur stefndi því ekki aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefndi byggir á því að stefndi hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-101651, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Visan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við 1. nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 27. maí 2025 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 8. apríl 2025.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2025008743

Útgáfud.: 22. apríl 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Rut Sumarliðadóttir, kt. 150853-2069, með óþekkt heimili á Spáni.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 10.968.354 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 90.036 frá 1.3.2022 til 1.9.2022, en af kr. 283.529 frá 1.9.2022 til 10.12.2022, en af kr. 10.968.354 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-65468.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu 16 skuldabréfa á árunum 1987-1992 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: nr. T-80771 kr. 91.615, nr. T-83430 kr. 67.297, nr. T-92173 kr. 108.400, nr. T-98107 kr. 130.572, nr. T-119563 kr. 65.000, nr. T-10605 kr. 141.458, nr. T-122462 kr. 151.673, nr. T-128663 kr. 23.898, nr. T-131867 kr. 541.323, nr. T-145090 kr. 197.112, nr. T-107984 kr. 101.799, nr. T-168457 kr. 221.257, nr. T-174453 kr. 397.020, nr. T-186.541 kr. 165.565, nr. T-204732 kr. 540.056 og nr. T-224408 kr. 139.996.

Þegar stefnda sótti um námslán hjá stefnanda giltu um námslán og umsókn hennar lög nr. 72/1982 um lánslán og námsstyrki. Samkvæmt 7. gr. laganna eru lán stefnanda verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar sem greiðsla fer fram.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok skv. lögnum. Eftir námslok voru öll T-skuldabréfin reiknuð til sameiginlegrar vísitölu og innheimt í einu undir sérstöku lánsnúmeri S-953566, en í 2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna er mælt fyrir um að reikna lánin til einnar skuldar. Var fjárhæð

hvers T-skuldabréfs uppreiknuð miðað við grunnvísitölu skuldabréfanna til lánskjaravísitölu þess mánaðar sem lánin voru reiknuð til einnar skuldar í janúar 1995 en lánskjaravísi í janúar 1995 er 3.385 stig. Sú vísitala myndar grunnvísitölu við útreikning á T-skuldabréfunum undir númerinu S-953566. Reiknast svo:

númer láns	lánsfjárhæð	gr. Vísitala	uppreikn m.v. vt. jan. 1995
T-80771	91.615	1617	191.785
T-83430	67.297	1662	137.064
T-92173	108.400	1858	197.489
T-98107	130.572	1958	225.734
T-119563	65.000	2317	94.961
T-120605	141.458	2369	202.126
T-122462	151.673	2433	211.021
T-128663	23.898	2540	31.848
T-131867	541.323	2767	662.226
T-145090	197.112	2879	231.756
T-107984	101.799	2020	170.589
T-168457	221.257	2956	253.368
T-174453	397.020	3012	446.186
T-186541	165.565	3083	181.783
T-204732	540.056	3198	571.635
T-224408	139.996	3206	147.812
		Samtals	3.957.382

Fyrsta afborgun af láninu var 1.3.2002. Vanskil urðu á gjalddaga 1.3.2022 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga 10.11.2022.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð kr.
1.3.2022	90.036
1.9.2022	193.493
Gjaldfelldar eftirstöðvar 10.11.2022	10.684.825

Eða alls kr. 10.968.354 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b-liðar sbr. a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð lögheimili á Spáni skv. Þjóðskrá Íslands.

Stefna var gefin út 23.1.2023, þýdd yfir á spænsku og send til Sýslumannsins á Suðurnesjum til birtingar á heimili stefndu á Spáni, skv. Haag-samningi um birtingar á réttarskjöllum o.fl. frá 15. nóv. 1965. Þingfesta átti stefnuna 9.1.2024. Þar sem ekkert svar barst frá sýslumanni var fyrirspurn send með tölvupósti dags. 15.12.2023. Í svari fulltrúa sýslumanns kveður hann gögn hafa borist til baka í júní 2023. Ekkert formlegt svar barst hins vegar að öðru leyti frá fulltrúa sýslumanns.

Stefna var gefin út aftur 28.12.2023 og þýdd yfir á spænsku, en ráðgert var að þingfesta stefnuna 10.12.2024. Var stefnan aftur send Sýslumanninum á Suðurnesjum til birtingar á heimili stefndu skv. fyrrgreindum Haag-samningi. Svar barst frá fulltrúa sýslumanns með bréfi dags. 7.8.2024, þar sem tilkynnt var að ekki hafi tekist að birta fyrir stefndu á uppgefnu heimili. Ekkert annað heimili hefur fundist hjá stefndu á Spáni. Haag-samningur frá 15. nóv. 1965 gildir ekki þegar heimilisfang er óþekkt.

Þar sem ekki var hægt að birta stefnu skv. Þjóðréttarsamningi, sbr. 90. gr. laga nr. 91/1991, var leitað eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnunnar á Spáni eftir reglum sem þar gilda um birtingu stefnu fyrir aðila með óþekkt heimili. Stefna enn á ný gefin út 12.8.2024, auk réttarbeiðni útg. af Héraðsdómi Reykjavíkur 15.8.2024 og hvort tveggja þýtt yfir á spænsku.

Í embættisbréfi, dags. 18.3.2025, kemur fram að sendiráð Íslands í París hafi sent yfirlöngum á Spáni stefnuna, ásamt formlegri nótu þann 18.10.2024. Svar hafi hins vegar ekki borist frá spænskum yfirlöngum og litið væri svo á að spænsk yfirlöng hafi látið hjá líða að birta stefnuna. Á stefnandi því enga aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á T-skuldabréfin sem reiknuð voru til einnar skuldar í janúar 1995 undir númerinu S-953566, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 72/1982 og í samræmi við skilmála skuldabréfanna.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, reglugerðar nr. 572/1982, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirilit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 27. maí 2025 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. apríl 2025.
F. h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2025008751

Útgáfud.: 16. apríl 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er Stella Stefánsdóttir, kt. 121036-4799, Furulundi 41, Akureyri, svipt fjárræði í 5 ár frá 11. apríl 2025.

Akureyri, 15. apríl 2025.
Ingvar Þóroddsson

(2025008300

Útgáfud.: 16. apríl 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 3. febrúar 2025 í máli nr. L-9/2025 er Halldóra Játvarðardóttir, kennitala 021042-4639, svipt fjárræði í fimm ár.

Héraðsdómi Vestfjarða, 3. febrúar 2025.
Oddur Þorri Viðarsson dómstjóri.

(2025008328

Útgáfud.: 2. maí 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Veya ehf.**

Kt.: 500425-0830.

Heimili og varnarþing: **Jöfursbási 5, 112 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 7. apríl 2025.

Stofnendur: Aldís Thea Hákonardóttir, kt. 170303-2020, Berjavöllum 2, 221 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. apríl 2025.

Stjórnarmaður: Aldís Thea Hákonardóttir. Varastjórn: Magnús Stefánsson, kt. 071100-2510, Berjavöllum 2, 221 Hafnarfjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Aldís Thea Hákonardóttir.

Prókúruumboð: Aldís Thea Hákonardóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ágúst Heimir Ólafsson, kt. 280167-4799, Dverghömrum 10, 112 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er framleiðsla, innflutningur og sala á heimilis-, heilsu- og lífstílsvörum, svo sem kertum, ilmum, tei, textíl og tengdum vörum, ásamt annarri skyldri starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025009187

Útgáfud.: 2. maí 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Land&litir ehf.**

Kt.: 560425-0310.

Heimili og varnarþing: **Austurvegi 10, 800 Selfoss.**

Dagsetning samþykktar er: 11. febrúar 2025.

Stofnendur: Sverrir Sigurjónsson, kt. 061181-3779, Hraunhelli 19, 800 Selfoss.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 11. febrúar 2025.

Stjórnarmaður: Sverrir Sigurjónsson. Varastjórn: Karitas Ottesen Ásmundsdóttir, kt. 220789-2769, Hraunhelli 19, 800 Selfoss.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sverrir Sigurjónsson.

Prókúruumboð: Sverrir Sigurjónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Hörður Sævar Erlingsson, kt. 110169-4509, Bleikjukvísl 18, 110 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Bygging kaup og sala eigin fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025009188

Útgáfud.: 2. maí 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Faxi160 ehf.**

Kt.: 500425-0910.

Heimili og varnarþing: **Ásabraut 14, 245 Suðurnesjabær.**

Dagsetning samþykktar er: 9. apríl 2025.

Stofnendur: Gísli Þór Hauksson, kt. 140490-2109, Ásabraut 14, 245 Suðurnesjabær, Viktor Arnberg Óðinsson, kt. 031202-3610, Háaleitisbraut 42, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 9. apríl 2025.

Stjórnarmaður: Gísli Þór Hauksson. Varastjórn: Viktor Arnberg Óðinsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Gísli Þór Hauksson.

Prókúruumboð: Gísli Þór Hauksson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ólafur Arnfjörð Guðmundsson, kt. 231254-4049, Lyngbergi 11, 221 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Útgerð smábáta og vinnsla afla og skyld starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025009189

Lögbirtingablað,
22. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,
Kristín Þórðardóttir.